

**Sækja gögn frá Ferli ehf. með sFTP - Við notum GoAnywhere okkar megin !****Hvað er hægt að sækja:**

Frá Ferli er hægt að sækja eftirfarandi skrár daglega, vikulega eða mánaðarlega.

- Þjóðskrá
- Fyrirtækjaskrá
- Forsjárskrá barna – öll börn undir 18 ára aldri.
- Löng nöfn – sérskrá yfir öll nöfn sem eru lengri en 31 stafur
- Utangarðsskrá (kerfiskennitöluskrá) - allir erlendir aðilar sem hafa ekki fengið dvalarleyfi.
- Utangarðsskrá fyrirtækja (rekstarform Z1, Z2 og Z3)
- Horfinskrá - nöfn allra látinna einstaklinga.
- Apótekara - og spítalaskrá - sýnir hvenær aðilar flytja til landsins.
- ISAT skrá einstaklinga, þ.e. þeir sem hafa atvinnurekstur á sinni kennitölu

**Það fer svo eftir leyfum frá Þjóðskrá hvaða aðgang fyrirtæki fá hjá okkur !!**

--

**Þjóðskrárhringurinn:** Einu sinni á ári í desember fáum við nýjar heildarskrár og þarf þá að sækja þær og skipta út fyrir gömlu stofnana. Yfirleitt fáum við nýju heildarskrárnar til okkar í kringum 20. desember og í beinu framhaldi sendum við skeyti til allra okkar viðskiptavina og látum vita að nú sé kominn nýtt tímabil.

**Þegar sótt er heildarskrá - þá er sótt skrá sem við köllum stöðuskrá, þ.e. ný heildarskrá sem sýnir rétta stöðu þann daginn sem hún er sótt (tilbúnað eftir kl. 09:00 alla daga).**

Við keyrum upp alla daga allar stöðuskrár ef einhver skyldi þurfa nýja stöðuskrá NÚNA !

**Dæmi um nafngiftir á skráum sem hægt er að sækja:**

Ef fyrirtæki sækir heildarstöðuskrá sem heitir **STA300E32**, þá er hægt að sækja daglegar, vikulegar eða mánaðarlegar uppfærslur á breytingaskráum.

Ef sótt er dagleg uppfærsla, þá er sótt skráin **DAG300E32** alla daga (líka á laugardaga og sunnudaga).

Ef sótt er vikuleg uppfærsla, þá er sótt skráin **VIK300E32** alla mánudaga.

Ef sótt er mánaðarleg uppfærsla, þá er sótt skráin **MAN300E32** alltaf í byrjun 2. dags hvers mánaðar.

**Sækja gögnin með dulkóðuðu sambandi í gegnum sFTP:**

Reglan er sem sagt sú að þeir sem sækja skrár sem byrja á **MAN\***, **VIK\*** eða **DAG\*** geta þá sótt samsvarandi skrár sem byrjar á **STA\*** og **BRE\***

BRE-skráin inniheldur allar breytingar frá 1. desember síðastliðnum.

Það er t.d. vissulega minni skrá að sækja hana og keyra inn heldur en að sækja fulla STA-skrá.

**Undantekningar** eru utangarðsskrá, horfinskrá, forsjárskrá, apótekaraskrá og ISAT skrá einstaklinga, en þær eru alltaf afhentar sem heildarskrár.

**ATH: Það kostar aukalega að sækja breytingaskrá eða auka-stöðuskrá:**

Athugið að ef sótt er aukalega ný stöðuskrá eða uppsöfnuð breytingaskrá, þá innheimtum við örlítið viðbótargjald og innheimtum við skv. loggskránum hjá okkur.

-

Við í Ferli útvegum skriftur fyrir sFTP en auðvitað geta notendur notað þau tól sem hentar þeim best.

**Okkar megin notum við [GoAnywhere](#) hugbúnað til að stýra aðgangi að gögnunum.**

